

GÓLFFLOT 5-50

Tækniblað | Notkunarleiðbeiningar

EIGINLEIKAR

Notkunarsvið

Gólfplot 5-50 er milli fín flotblanda ætluð til að fleyta eða spartla múrlag á lárétta fleti í þykktum frá 5 til 50 millimetra. Blönduna hentar að nota til að jafna áferð á láréttum flötum undir yfirborðsefni, eins og parket, flísar, dúka, málningu og fleira. Hægt er að nota blönduna þar sem álag er á gólfum, eins og t.d. í húsnæði fyrir léttan iðnað. Gólfplot 5-50 er ætlað til innanhúsnota, þ.e. í skjóli frá veðri.

Efnis eiginleikar

Gólfplot 5-50 er sementsbundin fjölíðublönduð flotblanda tilbúin til notkunar, aðeins þarf að bæta í þurrblönduna réttu magni af vatni. Blandan er hraðharðnandi, en vinnslutími er um 20 – 25 mínútur.

Tæknilegar upplýsingar

Eiginleiki	Gildi	Eining	Reglugerð
Þurrefnisþörf, 1 mm lagþykkt	1,8	kg/m ²	Á ekki við
Þykktarsvið	5-50	mm	Á ekki við
Vatnsþörf	0,2-0,215	l/kg	Á ekki við
Mesta kornastærð	1,0	mm	Á ekki við
Opnunartími	20-25	mínútur	Á ekki við
Brunaflokkur	Óbrennanlegt	-	Á ekki við
Meðal þrýstipól 28 daga	35	MPa	ÍST EN 13892-2:2002
Meðal þrýstipól 1 dagur	9	MPa	ÍST EN 13892-2:2002
Meðal beygjutogpól 28 daga	7,5	MPa	ÍST EN 13892-2:2002
Flæði	160-165	mm	ÍST EN 12706:1999
Storknun við 20°C	90-120	mínútur	ÍST EN 196-3:2005+A1
Viðloðun	>1,5	N/mm ² B1,5	ÍST EN 13892-8:2002

UNDIRLAG

Undirlagið verður að hafa viðunandi festu og vera laust við öll óhreinindi sem geta veikt viðloðun flotblöndunar við undirlagið. Hreinsa þarf burt fjölíðu bundna málningu, olíu, alla fitu, ryk, laust yfirborð, klepra og annað því um líkt. Eigi að flota yfir olíu bundna – og epoxi bundna málningu skal að hafa samband við BM Vallá áður. Best er að hreinsa undirlag undir sementsbundin flotefni með vélrænum hætti, eins og með þar til gerðum slípivélum.

Undirbúningur

Eftir hreinsun undirlags þarf að grunna fleti með þar til gerðum grunni. Sé notaður StoCryl CP skal þynna hann 1:3. Mjög þurra og eða rakadræga fleti getur þurft að grunna tvisvar og er þá ráðlegt að þynna StoCryl CP grunninn með vatni 1:5 í fyrri umferð. Grunnurinn er látin þorna á milli umferða. Rétt grunnun undir flotblöndur, hindrar m.a. að loftbólur komi upp á yfirborð húðarinnar og valdi yfirborðs göllum. Best er að kústa grunninn á fleti.

NOTKUN

Hitastig

Ekki er ráðlegt að nota flotefnið við lægra hitastig en um +8 °C og ekki hærra hitastig en um +25 °C. Æskilegt er að hafa loftrastig sem hæst í rými þar sem verið er að leggja niður flotblöndur. Ekki skal lofta út / skipta um loft yfir húðinni fyrr en um 10 – 12 klst eftir niðurlögn.

Flotblöndur hrærðar með hræripinna

Þegar flotblöndur eru hrærðar saman við vatn með hræripinna í fötu eða bala, er rétt vatnsmagn fyrst sett í fötuna / balann og þurrblöndunni hellt út í. Hrært er á meðan þurrblöndunni er hellt, með hæggengri pinna hrærivél. Hrært er þar til fengin er kögglalaus blanda. Vinnslutími Gólfplots 5-50 er um 20 – 25 mínútur. Skipuleggja þarf verkið með tilliti til þessa.

Notkun með múrvélum

Múrvélin þarf að vera í fullkomnu ástandi þegar flotblöndur eru lagðar niður. Passa þarf upp á að hræri – og dælu búnaður múrvélar sé hreinn áður en byrjað er. Notið ekki meira vatn en þjálni krefst. Nota á þrýstingsmæli og staðsetja hann við dæluna. Eðlilegur dæluþrýstingur er minni en 15 bör.

Slönguþversnið

Þegar dæluafköst eru minni en 20 lítrar á mínútu er hægt að nota slöngu með 25 mm þversniði. Ef dæluafköst eru 20 - 40 lítrar á mínútu er ráðlegt að nota slöngu með 35 mm þversnið. Við mikil dæluafköst þarf að nota slöngu með 40 – 50 mm þversniði.

HREINSUN

Strax eftir notkun skal þrifa verkfæri og áhöld upp úr volgu vatni. Þrifið múrvélar strax eftir notkun.

PÖKKUNARSTÆRÐIR

Umbúðastærð er 25 kg poki. Einnig er hægt að fá blönduna í Sílóí.

GEYMSLA

Gólfplot 5-50 á að geyma á þurrum, upphituðum stað. Geymsluþol blöndu um 18 mánuðir frá þökkunardegi sem merktur er á umbúðir.

ÖRYGGISUPPLÝSINGAR

Sementsblönduð efni hafa basíska verkun og leysa því upp húðfitu. Verja skal húð og augu með viðeigandi hlífðarbúnaði. Í öllum BM Vallá blöndum er járnsúlfat til varnar krómexemi.

SÉRSTAKAR UPPLÝSINGAR

Ekki má nota vöruna á annan hátt eða við aðrar aðstæður en tekið er fram á ofangreindu tækniblaði, án samráðs við BM Vallá. Tilgangur tækniblaðsins er að tryggja að efnið sé notað við réttar aðstæður og á réttan hátt.

Ef nýtt tækniblað er gefið út, glata allar fyrri útgáfur gildi sínu.